



Þjóðkirkjan

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2016

Efnisyfirlit

1	Inngangur	2
2	Niðurstöður og ábendingar	3
3	Fjárheimildir og rekstur	4
3.1	Fjárheimildir	4
3.2	Rekstrarátætlun.....	4
3.3	Niðurstaða.....	4
4	Innra eftirlit.....	5
4.1	Inngangur	5
4.2	Umfjöllun	5
4.3	Niðurstaða.....	5
5	Fylgni við lög og reglur.....	6
5.1	Lög og reglugerðir	6
5.1.1	Ferðakostnaður.....	6
5.1.2	Risna.....	6
5.1.3	Opinber innkaup	6
5.1.4	Innkaupakort.....	6
5.1.5	Virðisaukaskattur	6
5.2	Niðurstaða.....	6
6	Endurskoðun rekstrarliða	7
6.1	Tekjur	7
6.2	Laun og launatengd gjöld.....	7
6.3	Önnur rekstrargjöld.....	8
6.4	Niðurstaða.....	8
7	Endurskoðun efnahagsliða	9
7.1	Eignir	9
7.1.1	Ríkissjóður.....	9
7.1.2	Skammtímakröfur aðrar	9
7.1.3	Vörslufé.....	9
7.1.4	Handbært fé.....	9
7.2	Eigið fé og skuldir	10
7.2.1	Höfuðstóll	10
7.2.2	Skammtímaskuldir aðrar.....	10
7.3	Niðurstaða.....	10
8	Önnur atriði	11
8.1	Staðfestingarbréf stjórnenda	11
8.2	Lögfræðibréf	11
8.3	Óhæðisyfirlýsing.....	11

1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Þjóðkirkjunnar, fjárlagaliðar 06-701, fyrir árið 2016. Fjárlagaliðurinn nær yfir rekstur Biskupsstofu auk launagreiðslna presta samkvæmt samningi við íslenska ríkið.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðeigandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ársreikningur Þjóðkirkjunnar var síðast tekinn til skoðunar á árinu 2015 vegna ársins 2014.

2 Niðurstöður og ábendingar

Endurskoðun ársreiknings Þjóðkirkjunnar fyrir árið 2016 var í meginatriðum án athugasemda en Ríkisendurskoðun bendir á eftirfarandi:

1. Verkferlar og skráning verklagsreglna

Átaksverkefni í skráningu á verkferlum og verklagsreglum til að tryggja skilvirkt innra eftirlit hófst á árinu 2017. Ríkisendurskoðun bendir á að halda þarf því verki áfram ásamt því að skilgreina ábyrgð á þeim bókhaldsverkefnum sem Biskupsstofa hefur tekið að sér.

2. Launaafgreiðsla

Bæta þarf utanumhald um ráðningarsögu og önnur launagögn. Þá þarf reglulega að uppreikna fjárhæðir í starfsreglu nr. 819/1999 um rekstrarkostnað prestsembætta. Greiðslur til starfsmanna fyrir störf önnur en föst störf svo sem akstur er rétt að greiða í gegnum launakerfið.

3. Viðverukerfið Vinnustund

Ljúka þarf innleiðingu á viðverukerfinu Vinnustund, þannig að kerfið verði tekið í notkun fyrir alla starfsmenn sem fá laun af fjárlagalið 06-701 Þjóðkirkjan. Kerfið heldur utan um viðveruskráningu og fjarvistir og skil á upplýsingum til launakerfis og býður upp á ýmsa möguleika til vinnusparnaðar við launaskráningu auk utanumhalds um viðveru og fjarvistarréttindi.

3 Fjárheimildir og rekstur

3.1 Fjárheimildir

Á fjárlögum fyrir árið 2016 nam framlag ríkissjóðs 1.681,6 m.kr. til fjárlagaliðar 06-701 Þjóðkirkjan. Með fjárukalögum var framlag hækkað um 455,0 m.kr. Heildarfjárheimild var því 2.136,6 m.kr. á árinu. Rekstrargjöld að frádregnum tekjum námu 2.013,9 m.kr. og tekjuafgangur varð því 122,7 m.kr. eða 5,7% innan fjárheimilda ársins 2016.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri á árinu 2016 ásamt samanburði við rekstur fyrra árs:

Í þús. kr.	Fjárlög	Fjárheimild	Rekstur	Frávik	Rekstur
	2016	2016	2016	2016	2015
Sértekjur	-226.000	-226.000	-78.026	-147.974	-181.274
Launagjöld	1.640.100	1.640.100	1.858.870	-218.770	1.708.446
Önnur rekstrargjöld	250.500	705.500	206.747	498.753	132.205
Eignakaup	0	0	2.302	-2.302	229
Tilfærslur	17.000	17.000	23.989	-6.989	21.988
Samtals	1.681.600	2.136.600	2.013.882	122.718	1.681.594

3.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar, hún sé skráð í fjárhagskerfi ríkisins og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins. Gerð var rekstraráætlun fyrir Þjóðkirkjuna 2016, sem skilað var til ráðuneytis.

3.3 Niðurstaða

Tekjuafgangur nam 122,7 m.kr. árið 2016 en meðtalið í fjárheimild ársins er leiðrétting á fjárveitingum fyrri ára, sem skýrir tekjuafgang ársins.

4 Innra eftirlit

4.1 Inngangur

Biskup Íslands ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits hjá Þjóðkirkjunni. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og að lögum og reglum sé fylgt.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur.

4.2 Umfjöllun

Greining og mat á eftirlitsumhverfinu bendir til þess að innra eftirlit sé almennt í lagi en bæta má skipulag og skráningu verklagsreglna. Biskupsstofa hefur umsjón með fjárreiðum og bókhaldi ásamt umsjón með bókhaldi fyrir ýmsa sjóði og verkefni sem heyra undir kirkjuráð. Kappsamlega hefur verið unnið að því að skilgreina hlutverk Biskupsstofu gagnvart þeim verkefnum sem Biskupsstofa hefur umsjón með. Þá var unnið að gerð verklagsreglna á meðan endurskoðun fór fram ásamt því að þjónusta Biskupsstofu hefur verið kortlögð og verðlagning þjónustu Biskupsstofu yfirfarin.

Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins er notað fyrir vinnslu á bókhaldi og launaafgreiðslu. Stofnunin nýtir einnig viðeigandi kerfishluta fjárhagskerfisins eins og fyrir viðskiptaskuldir, viðskiptakröfur og eignaskráningu. Skrifstofustjóri Biskupsstofu hefur yfirumsjón með launaafgreiðslu í samvinnu við fjármáladeild.

Viðverukerfið Vinnustund var tekið í notkun fyrir fáeinum árum en hefur ekki verið notað af öllum starfsmönnum sem fá greidd laun af fjárlagaliðnum. Stefnt er að því að kerfið verði notað fyrir alla starfsmenn Biskupsstofu frá og með 1. janúar 2018. Þá verður skoðað hvernig hægt er að nota kerfið fyrir þá starfsmenn sem eru með viðveru utan Biskupsstofu.

Verkferlar varðandi fjármál, tekjur og innkaup eru til staðar og hafin er vinna við skjalfestingu þeirra. Jafnframt er hafinn undirbúningur að skráningu verklags varðandi ráðningar og launaafgreiðslu. Reglulega þarf að yfirfara aðgang að bókhaldskerfum.

4.3 Niðurstaða

Innra eftirlit er til staðar á Biskupsstofu með vel skilgreindri aðgreiningu starfa sem fylgt er en styrkja þarf innra eftirlit með því að skrá verklag og ferla er varða bókhald og fjármál. Þar sem Biskupsstofa sér um bókhald fyrir fleiri en Þjóðkirkjuna væri æskilegt að skilgreina ábyrgð á þeim bókhaldsverkefnum hjá ákveðnum starfsmönnum ásamt skilvirkari tengingu launaafgreiðslu við fjármáladeild. Að mati Ríkisendurskoðunar er mikilvægt að viðverukerfið Vinnustund sé notað fyrir alla starfsmenn sem fá laun hjá Þjóðkirkjunni.

5 Fylgni við lög og reglur

5.1 Lög og reglugerðir

Við fjárhagsendurskoðun er tekið mið af því hvort rekstur hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli og starfsvenjur þar sem við á. Fjallað er sérstakleg um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 3.

Eftirtaldir liðir voru teknir til skoðunar:

5.1.1 Ferðakostnaður

Samkvæmt athugun á úrtaki ferðareikninga er reglum um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins fylgt. Ferðaheimild er aflað áður en ferð hefst og ferðareikningi er skilað á eyðublaði sem Fjársýsla ríkisins hefur látið gera. Ríkisendurskoðun bendir á að viðeigandi gögn eiga að fylgja í bókhaldið.

5.1.2 Risna

Samkvæmt athugun á úrtaki risnureikninga er reglum um risnuhald fylgt að mestu leyti en forstöðumaður áritar ekki reikninga fyrir risnu í öllum tilvikum. Risnureikningar eru vel sundurliðaðir. Tilefni risnu og rökstuðningur er ritaður á fylgiblað með reikningunum.

5.1.3 Opinber innkaup

Í kostnaðarferlum, sem gerðir voru árið 2017 kemur fram innkaupastefna Þjóðkirkjunnar, en áður voru almennar en óskráðar reglur um innkaup til staðar.

5.1.4 Innkaupakort

Þjóðkirkjan notar innkaupakort og viðskiptakort hjá matvöruverslun.

5.1.5 Virðisaukaskattur

Bókun og merking færslna reikninga sem bera virðisaukaskatt eru í samræmi við fyrirmæli Fjársýslu ríkisins. Inneign vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts færirst reglulega til eignar á viðskiptareikning stofnunarinnar við ríkissjóð.

5.2 Niðurstaða

Ekki verður annað séð en að Þjóðkirkjan fylgi lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald ríkisstofnana í A- hluta.

6 Endurskoðun rekstrarliða

Árið 2016 námu tekjur Þjóðkirkjunnar 78,0 m.kr. og gjöld 2.091,9 m.kr. Breyting frá fyrra ári skýrist að mestu leyti af skipulagsbreytingum og ákvörðunum varðandi aðgreiningu á milli Biskupsstofu og Kirkjumálasjóðs.

Í þús.kr.	2016	2015	Breyting
Tekjur:			
Sértekjur	78.026	181.274	-103.248
Tekjur alls	78.026	181.274	-103.248
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	1.857.446	1.708.447	148.999
Ferðir og fundir	81.353	66.214	15.139
Rekstrarvörur	5.533	1.888	3.645
Aðkeypt þjónusta	109.305	61.843	47.462
Húsnæði	4.111	1.759	2.352
Bifreiðar og vélar	158	287	-129
Rekstrarkostnaður	34.002	22.431	11.571
Gjöld alls:	2.091.908	1.862.869	229.039

6.1 Tekjur

Tekjur námu 78,0 m.kr. sem er lækkun um 103,2 m.kr. frá fyrra ári. Tekjur kirkjunnar eru m.a. kostnaðarhlutdeild í sameiginlegri skrifstofuþjónustu, rekstrarframlög frá innlendum opinberum aðilum og gjafir. Lækkun skýrist af minni styrkjum og rekstrarframlögum.

6.2 Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld námu 1,9 ma.kr. sem er hækkun um 149,0 m.kr. frá fyrra ári. Greitt var fyrir 153,7 ársverk á dagvinnu miðað við 151,4 ársverk árið áður. Laun og launatengd gjöld er stærsti gjaldaliður kirkjunnar og voru þau tekin til frekari skoðunar.

Skoðaðar voru allar launahreyfingar starfsmanna á launalista og breytingar milli áranna 2015 og 2016. Úrtak starfsmanna var valið af handahófi þar sem m.a. var farið yfir ráðningarsamninga, launaseðla, vinnuskýrslur og önnur atriði í launavinnslunni. Ríkisendurskoðun bendir á að bæta þurfi úr því að allar greiðslur til starfsmanna fari í gegnum launaafgreiðslu þ.m.t. tilfallandi greiðslur fyrir önnur störf sem greitt er sérstaklega fyrir.

Koma þarf betra skipulagi á utanumhald launagagna, þannig að þau séu aðgengileg. Endurskoða þarf launaferil þar sem honum er ekki fylgt að öllu leyti varðandi samþykkt yfirvinnu.

6.3 Önnur rekstrargjöld

Önnur rekstrargjöld námu 234,5 m.kr. sem er hækkun um 80,0 m.kr. frá fyrra ári. Önnur rekstrargjöld samanstanda af kostnaði vegna ferða og funda, rekstrarvara, aðkeyptrar þjónustu, húsnæðis, bifreiða og véla og rekstrarkostnaðar. Gjöldin eru ýmist færð í gegnum viðskiptaskuldakerfi fjárhagskerfisins eða beint í gegnum fjárhagskerfið. Það fer eftir því hvort gjöldin voru staðgreidd með innkaupakorti eða keypt í reikning.

Breytingin á öðrum rekstrargjöldum á milli árunna 2015 og 2016 má að mestu rekja til þess að á árinu 2015 var nánast allur rekstur Biskupsstofu færður hjá Kirkjumálasjóði en því var breytt í ársbyrjun 2016.

Ríkisendurskoðun bendir á að í stað þess að greiða starfsmönnum fyrir akstur í gegnum viðskiptaskuldakerfið er rétt að greiða akstur eins og aðrar greiðslur til starfsmanna í gegnum launakerfið.

6.4 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun bendir á að bæta þarf ut anumhaldi um ráðningarsögu og önnur launagögn. Þá þarf reglulega að uppreikna fjárhæðir í starfsreglu nr. 819/1999 um rekstrarkostnað prestsembætta. Akstur og greiðslur til starfsmanna fyrir störf utan við föst störf er rétt að greiða í gegnum launakerfið.

7 Endurskoðun efnahagsliða

Í árslok 2016 námu eignir 353,1 m.kr., skuldir námu 11,7 m.kr., og höfuðstóll var jákvæður um 341,4 m.kr.

Í þús.kr.	2016	2015	Breyting
Eignir:			
Ríkissjóður	210.411	83.525	126.886
Skammtímakröfur aðrar	28.774	2.412	26.362
Vörslufé	199	195	4
Handbært fé	113.678	158.021	-44.343
Eignir alls	353.062	244.153	108.909
Eigið fé og skuldir:			
Höfuðstóll	341.374	218.657	122.717
Skammtímaskuldir aðrar	11.489	25.301	-13.812
Vörslufé	199	195	4
Eigið fé og skuldir alls	353.062	244.153	108.909

7.1 Eignir

7.1.1 Ríkissjóður

Inneign á viðskiptareikningi við ríkissjóð nam 210,4 m.kr. sem er hækkun um 126,9 m.kr. frá fyrra ári.

7.1.2 Skammtímakröfur aðrar

Aðrar skammtímakröfur námu 28,8 m.kr. sem er hækkun um 26,4 m.kr. frá fyrra ári. Þar af voru 14,7 m.kr. kröfur í viðskiptakröfukerfi fjárhagskerfisins, 5,1 m.kr. vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts og 9,0 m.kr. ógreiddar kröfur fyrir utan AR kerfið.

7.1.3 Vörslufé

Vörslufé nam 199 þús.kr. sem er hækkun um 4 þús.kr. frá fyrra ári. Um er að ræða einn bankareikning. Vörslufé er fært bæði til eignar og skuldar í bókhaldi kirkjunnar. Samræmi var á milli stöðu bókhalds í árslok og bankayfirlits.

7.1.4 Handbært fé

Handbært fé nam 113,7 m.kr. sem er lækkun um 44,3 m.kr. frá fyrra ári. Handbært fé samanstendur af þremur bankareikningum, samtals 113,6 m.kr., og einum smásjóði vegna skiptimyntar samtals 41 þús.kr. Samræmi var á milli stöðu bókhalds í árslok og bankayfirlita.

7.2 Eigið fé og skuldir

7.2.1 Höfuðstóll

Höfuðstóll nam 341,4 m.kr. sem er hækkun um 122,7 m.kr. frá fyrra ári. Hækkunin skýrist af tekjuafgangi ársins 2016.

7.2.2 Skammtímaskuldir aðrar

Aðrar skammtímaskuldir námu 11,5 m.kr. sem er lækkun um 13,8 m.kr. frá fyrra ári. Þar af voru 5,2 m.kr. reikningar í viðskiptaskuldakerfi fjárhagskerfisins og 6,3 m.kr. ógreidd önnur gjöld.

7.3 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun gerir ekki athugasemdir við efnahagsliði.

8 Önnur atriði

8.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda, sem sent var til stofnunarinnar af Fjársýslu ríkisins, var samþykkt og undirritað af biskupi Íslands og fjármálastjóra Þjóðkirkjunnar þann 14. september 2017.

8.2 Lögfræðibréf

Ekki var óskað sérstaklega eftir lögfræðibréfi, þar sem ekki kom fram lögfræðikostnaður í bókhaldi stofnunarinnar árið 2016 og samkvæmt upplýsingum forstöðumanns, meðal annars í staðfestingarbréfi stjórnenda, voru engin málaferli í gangi varðandi stofnunina.

8.3 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra endurskoðenda Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Þjóðkirkjunni.



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík
Sími 569-7100

postur@rikisend.is – www.rikisendurskodun.is